

Alþingi
Erindi nr. P 127/1105
komudagur 11. 3. 2002

Hákon Hansson
héraðsdýralæknir
760 Breiðdalsvík

Breiðdalsvík 8. mars 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn héraðsdýralæknis í Austurlandsumdæmi syðra vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um eldi og heilbrigði sláturdýra..., þ.e. mál nr. 505.

Gjald það sem innheimt er vegna þessa eftirlits er ákveðin upphæð á kíló kjöts og tel ég það eðlilegt. Ég get þó ekki metið hversu há upphæðin þarf að vera, enda eru nauðsynlegar upplýsingar þar um ekki aðgengilegar. Þó er athyglisvert að sjá að einungis er gert ráð fyrir að 10 milljónir af u.þ.b. 73 milljónum sem gjaldið gefur af sér, séu til að greiða laun héraðsdýralæknanna sem annast eftirlitið í sláturhúsum og bera ábyrgð á því.

Í athugasemdum með frumvarpinu eru nokkur atriði sem ég tel rétt að vekja athygli á:

1. Fram kemur í athugasemdum, að fjárhagsstaða Eftirlitssjóðs sé mjög erfið og sjóðurinn rekinn með miklum halla undanfarin ár. Þá hafi útgjöld Eftirlitssjóðsins orðið mun meiri en gert hafi verið ráð fyrir og “stafar það aðallega af hækkunum á gjaldskrá dýralækna fyrir eftirlitið, en hún er staðfest af landbúnaðarráðuneytinu”.

Hér er nauðsynlegt að vekja athygli á því að kjötskoðun og heilbrigðiseftirlit í sláturhúsum er í höndum héraðsdýralækna, en á Suðurlandi, í Reykjavík og á Akureyri og í Skagafirði eru einnig starfandi eftirlitsdýralæknar, sem annast kjötskoðun, þeir eru ráðnir af héraðsdýralæknum á þessum svæðum. Samkvæmt 16. grein laga nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr eru laun og önnur starfskjör héraðsdýralækna ákveðin af Kjaranefnd. Því fá héraðsdýralæknar engar sérstakar greiðslur vegna starfa í sláturhúsum og ekki er greidd nein yfirvinna.

Eftirlitsdýralæknar eru á föstum mánaðarlaunum, en einungis hluti af starfi þeirra fer fram í sláturhúsum. Gjaldskrá dýralækna fyrir eftirlitið var afnumin 1. desember 1999 þegar áður nefnd lög um dýralækna tóku að fullu gildi. Ástæða fyrir hækkun gjaldsins getur því alls ekki verið vegna hækkunar á gjaldskrá dýralækna. Á undanförunum tveimur árum hefur Kjaranefnd úrskurðað eftirfarandi hækkunir á grunnlaunum héraðsdýralækna: 1. janúar 2000 3 % hækkun, 1. apríl 2001 6,9 % hækkun og 1. janúar 2002 3 % hækkun.

2. Með lögum un dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr voru lögð niður mörg embætti héraðsdýralækna, það kemur því á óvart að sjá þessi embætti talin upp á útsendingarlista vegna þessa frumvarps. A.m.k. átta af þeim umdæmum, sem talin eru upp voru lögð niður árið 1999.

Virðingarfyllst,

Hákon Hansson

Hákon Hansson
héraðsdýralæknir